

# Virkni

Þegar búið er að [setja upp](#) innlestur reikninga þá hefur dkPlús aðgang í að lesa úr og skrifa í pósthólfíð en einnig að stofna möppur.

## Það sem ber að hafa í huga


1. Þegar skeyti inniheldur fleiri en eitt viðhengi (t.d tvö .pdf skjöl) þá stofnar dkplús reikning fyrir hvert viðhengi.
2. Innlestur úr pósthólfum á sér stað **á 15 mín fresti**, þ.e 10:00, 10:15, 10:30 o.s.frv.
3. Inbox má ekki innihalda fleiri en **150** skeyti þegar innlestur hefst. Þegar þetta gerist þá er best að færa öll skeyti úr Inbox yfir í möppu og týna inn 150 í einu.
4. Ef að innlestur nær ekki að greina lánardrottinn með **reglu** eða úr viðhengi fer reikningurinn á **sjálfgefinn lánardrottinn**.



### Staðsetning skjala

Hægt er að leiðbeina hvar skjöl skulu liggja og er nauðsynlegt að þau liggja á miðlægu svæði þar sem dkPlus kerfið getur haft aðgengi í þau til að birta notendur  
Sjá nánar [Staðsetning á fylgiskjölum](#)

(Mynd 1)



Skýringarmynd af innlestri reikninga (vMail)



### Leyfðar skrár

Þær skráarendingar sem vMail styður eru eftirfarandi:

- .rtf
- .doc
- .docx
- .pdf
- .mht
- .odt
- .xml
- .epub
- .html .htm

Þegar viðhengi eru skönnuð er eftirfarandi skráð á reikninginn:

- Dagsetning
- Eindagi
- Reikningsnúmer
- Upphæð
- Gjaldmiðill

Einnig ef **Gjaldalykill** er skráður á Lánardrottinn er lína sjálfkrafa stofnuð og skráð eru:

- Upphæð
- Lykill
- Texti
- Dim1
- Dim2

(Mynd 2)

## Möppur

Möppur sem vMail stofnar eru:


**vMail** - yfirmappa

**Processed** - Skeyti sem hafa verið lesin og stofnaður hefur verið reikningur í dk/dkplús.

**Duplicate** - Skeyti (eða m.ö.o reikningar) sem eftir innlestur komu í ljós að voru **nú þegar til í kerfinu** (sama reikningsnúmer og lánardrottinn).

**FileSizeExceeded** - Skeyti sem voru of stór eða innihalda viðhengi **stærri en 15MB**.

**Error** - Skeyti sem **lenda á villu**.



Pósthólf þar sem dkplús hefur stofnað vMail möppur.